
HAUSTDAGSKRÁ TÓNLISTARMÍÐSTÖÐVAR AUSTURLANDS

2021



HAUSTDAGSKRÁ

Haustið er fallegur tími sem ber að njóta og um leið finna hinn nýja takt eftir sumarið. Haustið er tíminn þar sem það hægist á hlutunum, náttúran leggst í dvala og lífið kemst aftur í sinn venjulega farveg með skólastarfi unga fólksins og fólk mætir endurnært til vinnu sinnar að loknu sumarfríi. Haustið er líka tími til að sinna áhugamálum og finna leiðir til að læra og uppgötva nýja og spennandi hluti sem tilveran hefur upp á að bjóða og þar á meðal er tónlistin ofarlega á blaði.

Hér hefur þú lesandi góður undir höndum dagskrá haustsins hjá Tónlistarmiðstöð Austurlands. Tónlistarmiðstöðin hefur hauststörfin með því að opna fyrir innsendingar í Upptaktinn (sjá nánar á baksíðu) og heimsókn Jóhönnu Seljan í alla leikskóla á Austurlandi með tónlistar- og söguverkefnið sitt „Það er kominn gestur“. Verkefnið er ætlað börnum á aldrinum 4 - 6 ára og felur í sér gagnvirka

söng- og sögustund þar sem nemendur taka virkan þátt með söng, hreyfingum og heimspekilegum umræðum. Verkefnið Það er kominn gestur er framlag Tónlistarmiðstöðvar Austurlands inn í BRAS-ið og fer um allt Austurland nú á haustmánuðum.

Dagskráin er annars fjölbreytt en það sem sjá má hér er ekki tæmandi listi yfir þá viðburði sem standa tónleikagestum til boða. Dagskráin í ár er vissulega sett fram með fyrirvara um breytingar vegna óvissu sem heimsfaraldur veldur og eins og einnig má sjá eru sumir viðburðir ekki enn komnir með endanlega dagsetningu. Við hvetjum alla tónlistarunnendur til að vera duglega að mæta á tónleika í vetur og styðja þannig við tónlistarlífið. Tónlistarmiðstöðin er virk á Facebook þar sem frekari upplýsingar um viðburði er að finna.

POLAR INSTITUTE

9. SEPTEMBER – KLUKKAN 20.00
MIÐAVERÐ 2.500 KR.

Breski tónlistarmaðurinn Rob Thorpe heldur úti kvartettinum Polar Institute en með honum eru þrír íslenskir tónlistarmenn. Kvartettinn flytur samtímatónlist eftir Rob sem hann samdi er hann dvaldi í listamannaíbúðinni á Skriðuklaustri. Hluti efnisskrárinnar er síðan helguð tónlist sem er afrakstur samvinnu þeirra Sævars Helga Jóhannssonar (S.Hel)

Flytjendur:

Rob Thorpe (rafmagnsgítar),
Sævar Helgi Jóhannsson (píanó),
Sigurður Halldórsson (selló) og
Símon Karl Sigurðarson (klarínnett).



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT AUSTURLANDS - LA DOLCE VITA

12. SEPTEMBER – KLUKKAN 16.00
MIÐAVERÐ 3.500 KR. / ELDRI BORGARAR 2.000 KR.
FRÍTT FYRIR 16 ÁRA OG YNGRI.

Sinfóníuhljómsveit Austurlands heldur tónleika þann 12. september á Eskifirði sem bera titilinn La dolce vita og verður tónlist sem tengist Miðjarðarhafinu í sviðsljósinu.

Efnisskrá: Wolfgang Amadeus Mozart (1756 – 1791) - Forleikur að Brúðkaupi Figaros / Joaquín Rodrigo (1901 – 1999) - Concierto de Aranjuez / Felix Mendelssohn (1809 – 1847) - Sinfónía nr. 4 í A-dúr op.90 – „Ítalska“

Flytjendur:

Sinfóníuhljómsveit Austurlands,
einleikari er Svanur Vilbergsson á gítar.
Hljómsveitarstjóri:
Guðmundur Óli Gunnarsson.
Konsertmeistari: Zsuzsanna Bitay.



INGIBJÖRG TURCHI ÁSAMT HLJÓMSVEIT

6. NÓVEMBER KL. 20.00
MIÐAVERÐ 2.500 KR.

Bassaleikarinn og tónskáldið Ingibjörg Elsa Turchi kemur ásamt hljómsveit sinni austur í haust en hún hefur verið afar sýnileg í íslensku tónlistarlífi síðustu ár. Ingibjörg hefur leikið með Emilíönu Torrini, Bubba Morthens, Teiti Magnússyni og Stuðmönnum svo fátt eitt sé nefnt en einnig hefur hún samið verk fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands sem frumflutt var í vor. Ingibjörg gaf út EP-plötuna Wood/Work árið 2017 en í fyrra gaf hún út sína fyrstu plötu í fullri lengd, Meliae, en þar hélt hún áfram að vikka út hljóðheim sinn með hjálp hljómsveitar sinnar. Meliae hlaut margar viðurkenningar, þar á meðal Kraumsverðlaunin, var valin plata ársins af Morgunblaðinu og plata ársins hjá Straum. is. Á Íslensku tónlistarverðlaununum 2021 hlaut Ingibjörg sex tilnefningar og þar af tvenn verðlaun, fyrir plötu ársins

í flokki Djass-og blústónlistar og fyrir upptökustjórn og hljóðheim plötu sinnar.

Á tónleikunum munu Ingibjörg og hljómsveit leika verk af plötunni Meliae, ásamt nýju efni af plötu sem er í bígerð. Búast má við spuna, djassi, tilraunamennsku og naumhyggju í ómþýðri blöndu en það má treysta því að Ingibjörg og félagar framkalli einstakan og dáleiðandi hljóðheim sem láti engan ósnortinn.

Hljómsveitina skipa:

Ingibjörg Elsa Turchi (Rafbassi)
Tumi Árnason (Saxófónn)
Magnús Trygvason Eliassen (Trommur)
Hróðmar Sigurðsson (Gítar)
Magnús Jóhann Ragnarsson (Píanó)

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT AUSTURLANDS – RÓT: FRUMFLUTNINGUR

21. NÓVEMBER – KLUKKAN 16.00

MÍÐAVERÐ 3.500 KR. / ELDRI BORGARAR 2.000 KR.

FRÍTT FYRIR 16 ÁRA OG YNGRI.

Á efnisskrá er frumflutningur á verkinu Rót sem er eftir Þórunni Grétu Sigurðardóttur (1981).

Þórunn Gréta hlaut grunnmenntun í píanóleik við tónlistarskólana í Fellahreppi og á Egilsstöðum. Hún stundaði píanó- og tónsmíðanám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk burtfararprófi í tónsmíðum árið 2008, B.A. gráðu í tónsmíðum frá LHÍ árið

2011 og M.Mus. gráðu frá Hochschule für Musik und Theater í Hamborg árið 2014. Einnig verður flutt Sinfónía nr. 8, „ófullgerða sífónían“, eftir Franz Schubert (1797 - 1828).

Flytjendur:

Sinfóníuhljómsveit Austurlands.

Hljómsveitarstjóri: Gunnsteinn Ólafsson

BENNI HEMM HEMM & THE MELTING DIAMOND BAND

DAGSETNING OG MÍÐAVERÐ VERÐUR AUGLÝST SÍÐAR

Benni Hemm Hemm & the Melting Diamond Band er harðasta og brjáladaða útgáfan af hljómsveit Benna Hemm Hemm sem heyrst hefur í hingað til. Svo hörð og brjálud er hún að hún þarf sérstakt nafn og heila útgáfuröð sér til heiðurs. Á næstu mánuðum mun Mengi gefa út heila röð verka sem koma út undir nafninu Benni Hemm Hemm & the Melting Diamond Band. Fyrsta platan dregur nafn sitt af verkunum tveimur: CHURCH / SCHOOL sem flutt verða á tónleikum.

Benni Hemm Hemm & the Melting Diamond Band mun fara víða að kynna þessi sköpunarverk sín og er Tónlistarmiðstöð Austurlands einn af fyrstu áfangastöðunum.






MÓGIL – AÐVENTA

28. NÓVEMBER - KLUKKAN 16.00
MIÐAVERÐ 2.500 KR.

Þann fyrsta í aðventu kemur hljómsveitin Mógil austur en hún hefur samið og gefið út tónlist og texta undir áhrifum frá hinni sígildu skáldsögu Aðventu eftir rithöfundinn Gunnar Gunnarsson (1889-1975). Með þeim í för verður leikarinn Orri Huginn Ágústsson sem mun lesa valda kafla úr bókinni. Tónlistin opnar heim fjárhirdisins Benedikts þar sem hann gengur aleinn uppi í fjallendi Íslands á aðventunni í leit að sauðfé. Í gegnum tónlistina upplifir áheyrandinn stórkostlegt landslag, fimbulfrost og fárviðri en einnig góðmennsku, hlýju, kyrrð og ró ásamt mikilli einangrun og brostnum vonum. Mógil skapar sinn eigin hljóðheim þar sem klassík, þjóðlagatónlist, djass og tilraunatónlist mætast á sérstakan hátt.

Mógil skipa:

Heiða Árnadóttir (söngur)
Joachim Badenhorst (klarinet)ttir
Hilmar Jensson (gítar)
Kristín Þóra Haraldsdóttir (víóla)
Eiríkur Orri Ólafsson (trompet)





Tónsköpunarverðlaun
barna og ungmenna

UPPTAKTURINN Á AUSTURLANDI

Nýtt ár hjá Tónlistarmiðstöðinni hefst svo með Upptaktinum á Austurlandi og tónsmíðjum fyrir ung austfirsk tónskáld. Upptakturinn, tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna, tekur á móti innsendingum tónverka á Austurlandi frá 6. september til 31. desember.

Krakkar í 5.-10. bekk hafa hér einstakt tækifæri til að senda inn drög að tónverki/lagi sem þau semja sjálf og komast þannig inn í skemmtilegar tónsmíðavinnustofur sem haldnar verða eina helgi í byrjun næsta árs í Tónlistarmiðstöðinni á Eskifirði.

Höfundar tónverka fá aðgang að tónsmíðjum í Tónlistarmiðstöðinni og vinna þar markvisst úr hugmyndum sínum með fulltingi tónlistarlistarmanna en í framhaldi tilnefdir dómnefnd einn ungan austfirskan tónsmíð og tónsmíð hans til áframhaldandi þátttöku í smíðjum á vegum Upptaktsins í Reykjavík. Tónsmíðurinn ungi fær þannig að taka þátt í Upptaktinum í Reykjavík, vinnustofum og tónleikum í Hörpu á vormánuðum.

Lengd tónverks skal vera 2 -6 mínútur að hámarki en þau geta bæði verið einleiks- og samleiksverk fyrir allt að fimm flytjendur.

Skila þarf tónsmíð inn í hefðbundinni eða grafískri nótnaskrift eða sem hljóðriti á

MP3/Wav/Myndbandi. Hugmyndir s.s. upptökur, nótur, texti eða grafísk lýsing má endilega fylgja með verkinu.

Markmið með Upptaktinum á Austurlandi eru þrjúþétt

1. Að styðja við tónsköpun ungs fólks og hvetja börn og unglinga á Austurlandi til að tjá sig með tónlistarsköpun og semja eigin tónlist.
2. Að aðstoða börn og unglinga á Austurlandi við að fullvinna hugmyndir sínar í vinnusmíðju og varðveita þannig tónlistina.
3. Að gefa börnum og unglungum á Austurlandi tækifæri á að fá leiðsögn frá austfirsku fagfólki og taka þátt í vinnustofu og tónleikum með fagfólki við kjöraðstæður á tónleikum í Hörpu.

Tónverk skulu send á tonleikahus@tonleikahus.is. Upplýsingar um nafn, aldur og skóla höfundar þurfa að fylgja verkinu sem og símanúmer og tölvupóstfang.

Við vekjum athygli á því að tónleikadagskráin gæti tekið breytingum vegna þróunar faraldursins og sóttvarnaraðgerða. Fleiri viðburðir gætu einnig bæst við dagskrána þegar fram í sækir.

Allir viðburðir eru í
Tónlistarmiðstöðinni á Eskifirði
nema annað sé tekið fram.

Hlökkum til að sjá sem flesta
á tónlistarviðburðum haustsins.

Með kærum kveðjum f.h. Tónlistarmiðstöðvarinnar

Jóhanna Seljan Þóroddsdóttir, verkefnastjóri
Jóhann Ágúst Jóhannsson, forstöðumaður

Tónlistarmiðstöð Austurlands, Dalbraut 2, Eskifirði
tonleikahus@tonleikahus.is
<https://www.facebook.com/TonlistarmidstodAusturlands>